



# Fundargerð

## ÁRSFUNDAR

### Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2022

Haldinn miðvikudaginn 11. maí 2022 kl. 12:00

í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru 14 alls, stjórn, starfsmenn og fjórir gestir.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn og sjóðfélagar.

Árið 2021 reyndist vera enn eitt gott árið fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkur hvað varðar ávöxtun en á árinu gætti enn áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á hagkerfi heimsins. Sveiflur voru bæði á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum og lituðust markaðir af stöðu faraldursins og framvindu bólusetninga. Lágir vextir og bjartsýni um endalok faraldursins höfðu jákvæð áhrif á flesta hlutabréfamarkaði sem fjárfestar nutu góðs af. Raunávöxtun sjóðsins var 5,3% og nafnávöxtun nam 10,5%. Þetta er nokkuð yfir meðaltali raunávöxtunar síðastliðinna ára, en 5 ára meðaltalið er 4,4% og 10 ára meðaltalið er 4,1%, og því yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem er 3,5%.

Innrás rússneskra stjórnvalda inn í Úkraínu og viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum mun hafa áhrif á efnahagsþróun heimsins. Ísland er þó betur sett varðandi bein efnahagsáhrif en ýmis önnur ríki og ólíklegt virðist að efnahagsbatinn sem hófst á síðasta ári snúist upp í samdrátt. Áhrif stríðs eru og verða gríðarleg og mun óvissan sem ríkir velta bæði á þróun atakanna sjálfra og stöðunni sem uppi verður í Úkraínu, Rússlandi og Hvíta Rússlandi að þeim loknum. Miklar sveiflur eru á viðskiptamörkuðum heimsins og hefur verð á margvíslegum hrávörum rokið upp enda eru Rússar og Úkraínumenn stórir útflytjendur slíkra vara. Hækkun á hrávöru- og orkuverði mun að öðru óbreyttu þrýsta verðbólguhorfum upp á við. Ávöxtun sjóðsins á fyrstu mánuðum þessa árs endurspeglar þennan veruleika.

Stjórn sjóðsins samþykkti í nóvember síðastliðnum fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022-2026 en þar má finna áherslubreytingar sem felast í að auka vægi erlendra og innlendra hlutabréfa og draga úr vægi skuldabréfa einkum ríkisskuldabréfa en með breytingunni er stefnt að hærri langtímaávöxtun.

Í nóvember 2021 skrifaði sjóðurinn undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um að fjárfesta fyrir 30,5 milljónir Bandaríkjadala eða tæplega 4 milljarða króna í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Í eignasafni sjóðsins eru nú þegar fjárfestingar fyrir tæplega 7 milljarða króna sem flokkast undir skilgreiningu slíkra grænna fjárfestinga og áhersla á grænar fjárfestingar er í samræmi við stefnu hans um ábyrgar fjárfestingar. Sjóðurinn er einn af þrettán íslenskum lífeyrissjóðum sem hafa



undirritað yfirlýsinguna en með henni hafa íslensku lífeyrissjóðirnir staðfest vilja sinn til að auka sjálfbærar fjárfestingar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Á hverju ári hefur sjóðurinn tekið ákveðin skref til að innleiða enn frekar UFS viðmið í fjárfestingar sjóðsins en við mat á fjárfestingakostum er lögð aukin áhersla á greiningu á umhverfis-, félags- og stjórnarháttum en ekki er slegið af kröfunni um arðbærni fjárfestinga.

### Rekstur sjóðsins 2021

Í árslok 2021 námu heildareignir sjóðsins tæpar 92,8 ma.kr. en þær hækkuðu um 5,4 ma. kr. á milli ára. Fjárfestingatekjur námu 9,1 ma.kr. og rekstrarkostnaður var 192 m.kr. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Á árinu 2021 greiddu 218 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði samanborið við 250 árið á undan og fjöldi sjóðfélaga voru í árslok 15.925 samanborið við 16.070 árið undan.

Heildargreiðslur lífeyris á árinu námu tæpum 6,2 ma.kr. en voru 5,7 ma.kr. á árinu 2020. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlegan lífeyri til 3.684 sjóðfélaga en á árinu 2020 voru þeir að meðaltali 3.599.

### Tryggingafræðileg staða

Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti þann 22. desember 2021 tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) um breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur. Breytingar á forsendum reiknigrunnisins ganga út á að reikna lífslíkur út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni. Því er gert ráð fyrir lengri lífslíkum sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóða þar sem þeir greiða eftirlaun til æviloka.

Í tryggingafræðilegri athugun fyrir árið 2021 hefur sjóðurinn innleitt nýjar forsendur en áfallin staða með eldri lífslíkum er -27,1% en með nýjum lífslíkum er hún -30,6%. Sjóðurinn mun ekki grípa til mótvægisáðgerða þar sem réttindi eru tryggð af Reykjavíkurborg.

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna hans dugi fyrir skuldbindingum sjóðsins og því greiða launagreiðendur mánaðarlega aukaframlag sem nemur 73% af greiddum lífeyri. Á árinu 2021 nam aukaframlagið 2,4 ma.kr.

Nánar verður greint frá tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðar á fundinum.

### Stjórn

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð fimm stjórnarmönnum og jafnmörgum varamönnum. Reykjavíkurborg skipar þrjá stjórnarmenn og tveir eru skipaðir af Sameyki. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og tók ný stjórn til starfa í september 2018 og er þetta því síðasti ársfundur núverandi stjórnar.

Aðalmenn í stjórn sjóðsins frá þeim tíma eru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður stjórnar, Janus Arn Guðmundsson og Rannveig Ernudóttir frá Reykjavíkurborg og frá Sameyki eru þau Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson.

Á árinu 2021 voru haldnir 14 fundir en þar af var einn vinnufundur stjórnar.





Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin níu sinnum á árinu 2021. Í endurskoðunarnefnd sitja Birgir Björn Sigurjónsson sem er formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson.

Áhættunefnd fundaði níu sinnum á árinu 2021 en í áhættunefnd sitja þau Birgir Björn Sigurjónsson og Halldóra Káradóttir.

Starf stjórnar hefur gengið mjög vel og einkennst af áhuga og virkni stjórnarmanna og vil ég nota þetta tækifæri og þakka bæði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Svandís Rún Ríkarðsdóttir

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

*Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 23. apríl sl. og á heimasíðu sjóðsins. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.*

## 2. Ársreikningur 2021

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og greindi frá því að ársreikningurinn er birtur á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 5.367 m.kr. og var 92.450 m.kr. í árslok 2021, sem samsvarar 10,5% nafnávöxtun eða 5,3% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins til fimm ára er 4,4% og síðustu 10 ára 4,1%.

Við yfirferð á iðgjöldum kom fram að iðgjöld sjóðfélaga lækkuðu um 5,5% milli ára og framlag launagreiðenda um 21,6%. Samtals námu iðgjöld ársins 2.648 m.kr. en voru 3.325 m.kr. á árinu 2020. Í byrjun árs var hluta af virði Landsvirkjunarbréfa varið til uppgjors á skuldbindingu leikskóla og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem skýrir að mestu lægri iðgjaldatekjur á milli ára. Lífeyrisgreiðslur voru 6.197 m.kr. og hækkuðu um rúm 8,4% á árinu. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 6,1% á árinu 2021 en um 8,7% á árinu 2020. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 83,6% af greiddum lífeyri á árinu, makalífeyri 12,9% en örorkubyrði sjóðsins var 3,6% af greiddum lífeyrir. Virkum sjóðfélögum fækkar ár frá ári en á árinu 2021 greiddu 218 að meðaltali inn í sjóðinn. Lífeyrispegum fjölgar aftur á móti og voru að meðaltali 3.684 á árinu. Í lok ársins áttu 15.925 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Fjárfestingatekjur voru um 9.125 m.kr. og hækkuðu um 2.320 m.kr. á milli ára. Ávöxtun á árinu 2021 var góð eða þriðja besta raunávöxtun frá 2010. Mjög góð ávöxtun var á innlendum mörkuðum og hækkaði vísitala innlendra hlutabréfa um 41,2%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var einnig góð en heimsvísitala hlutabréfa mæld í Bandaríkjadal hækkaði um 21,8% og að teknu tilliti til veikingar íslensku krónunnar var niðurstaðan jákvæð ávöxtun upp á 24,9%.



Heildareignir sjóðsins voru 92.769 m.kr. í lok árs 2021. Skuldabréf, og þá einkum skuldabréf með ríkisábyrgð, eru sem fyrr veigamest í eignasafni sjóðsins. Breyting á samsetningu eignasafns sjóðsins er í samræmi við stefnu. Hlutfall eigna í erlendri mynt var 13,7% á árinu samanborið við 10,3% á árinu 2020. Kröfur samanstanda af iðgjaldakröfum og fyrirframgreiddum lífeyri. Ýmsar skuldir eru að stærstum hluta vegna ógreiddrar staðgreiðslu af lífeyrisgreiðslum um áramót.

Bókfært virði fjárfestinga var 91.407 m.kr. í árslok og er það aukning upp á 7.092 m.kr. á árinu. Mesta aukningin var í eignarhlutum í félögum og sjóðum, bæði hlutfallslega og í krónum talið. Útlán eru sjóðfélagalán og keypt veðskuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga og voru útlán til sjóðfélaga 94 m.kr. og lækkuðu um 64% á árinu vegna uppgreiðslu á lánum. Engin ný veðskuldabréf voru keypt á árinu.

*Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.*

*Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.*

### 3. Tryggingafræðilega athugun

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings á stöðu sjóðsins í árslok 2021. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem eru háðar óvissu.

Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga en notaður var reiknigrundvöllur FÍT frá árinu 2019 að viðbætttri spá félagsins frá 2020 um lækkun á aldursbundinni dánartíðni. Grunnur lífslíkna er byggður á reynslu lífeyrissjóða árin 2014-2018. Mat skuldbindinga sjóðsins hækkar nokkuð, en þó minna en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum vegna þess að meðalaldur sjóðfélaga LsRb er með því hærra sem gerist. Örorkeyfing sjóðsins er lítil og miðað er við meðaltal úr athuguninni fyrir örorkeyfing karla en 67% fyrir konur. Við mat á rekstrarkostnaði er notuð fráviksaðferð vegna þess að líftími sjóðsins er styttri en líftími sjóða sem opnir eru nýjum sjóðfélögum og gert er ráð fyrir að kostnaður verði sama hlutfall af skuldbindingum sjóðsins til framtíðar núvirt með 3,5% vöxtum en ekki í samræmi við leiðbeiningar um óbreyttan kostnað í 50 ár.

Sjóðurinn nýtur bakábyrgðar sveitarfélagsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Reykjavíkurborg og aðrir launagreiðendur greiða aukaframlag sem nemur 73% af greiddum lífeyri.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 14,5 ma.kr. Áfallnar skuldbindingar, það eru réttindi sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér, eru um 121,0 ma.kr. Framtíðar skuldbindingar, þ.e. áætluð réttindi sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér, eru 3,0 ma.kr. Skuldbindingar samtals eru um 124,0 ma.kr. en eignir eru samtals 138,5 ma.kr. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því jákvæð upp á 11,7%.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkardóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlið.*





#### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir sviðsstjóri eignastýringar kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2022. Hún vakti athygli á því að fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins og hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar eru hluti af fjárfestingarstefnunni. Fjárfestingarstefna sjóðsins er samþykkt í nóvember ár hvert af stjórn sjóðsins og lögum samkvæmt send til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. desember.

Fram kom að markmið stjórnar er að hafa varkára fjárfestingastefnu svo ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar en jafnframt að ávaxta eignir sjóðsins á hagkvæman hátt með uppbyggingu eigna að leiðarljósi. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og stefnur, sbr. heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og skráningar og annarra þátta sem talið er að kunni að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar.

Haustið 2021 skrifaði sjóðurinn undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um fjárfestingu fyrir 30,5 milljón Bandaríkjadala, eða tæplega 4 ma.kr. í verkefnum sem tengjast hreinni orku og loftlagstengdum verkefnum fram til ársins 2030. Í eignasafni sjóðsins eru nú þegar fjárfestingar fyrir tæplega 7 ma.kr. sem flokkast undir skilgreiningu slíkra grænna fjárfestinga og áhersla á grænar fjárfestingar er í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Hlutfall ríkisbréfa heldur áfram að dragast saman og áframhaldandi skref eru tekin til að auka vægi erlendra hlutabréfa í stefnu sjóðsins. Horft er til þess að aukning í þeim eignaflokki muni halda áfram næstu árin enda hentar hann vel til uppbyggingar eigna. Hlutfall alþjóðlegra hlutabréfa er ekki hátt í sjóðnum en út frá áhættudreifingu og ávöxtunarmöguleikum er mikilvægt að taka skref í átt til að auka vægið.

Stefnan er sett fram fyrir hvern eignaflokk ásamt vikmörkum sem ætlað er að grípa þær sveiflur sem geta orðið í markaðsvirði eignaflokka auk þess að gefa svigrúm til þess að stýra eignum eftir markaðsaðstæðum. Stefnan er einnig sett fram í samandreginni útgáfu sem dregur fram heildarhlutfall, annars vegar skuldabréfa og innlána sem er nú 73% og hins vegar hlutabréfa og fagfjárfestasjóða sem er núna 27%.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.*

*Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.*

#### 5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Núverandi stjórn tók til starfa í september 2018. Borgarráð skipaði þrjá stjórnarmenn en það eru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir sem er formaður stjórnar, Janus Arn Guðmundsson og Rannveig Ernudóttir. Varamenn þeirra eru Heiða Björg Hilmarsdóttir, Jórunn Pála Jónsdóttir og Kjartan G. Ingvason. Sameyki, starfsmannafélag Reykjavíkurborgar skipaði tvo stjórnarmenn en það eru Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson. Varamenn þeirra eru Kolbrún Hauksdóttir og Valgerður Árnadóttir. Kjörtíma núverandi stjórnar líkur á þessu ári og ný stjórn mun þá taka við.



Endurskoðunarnefnd er óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Birgir Björn Sigurjónsson formaður, Ása Clausen og Gísli Hlíðberg Guðmundsson.

Áhættunefnd er einnig óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Birgir Björn Sigurjónsson og Halldóra Káradóttir.

## 6. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, greindi frá breytingum sem gerðar voru samþykktum sjóðsins á árinu 2021 og tóku gildi 1. desember 2021. Breytingarnar taka fyrst og fremst til 4. gr. samþykktanna þar sem nánar er skert á umfjöllun um hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna geti verið afturkallað. Samhliða var sett inn heimild í samþykktir sjóðsins til fjarfunda sem og orðalagsbreytingar gerðar á 22. gr. samþykktanna.

### Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.*

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

*Tillagan var samþykkt samhliða.*

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 13:00.

Þóra Jónsdóttir, fundarstjóri

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, fundarritari